

## FORSÆTISNEFND

Ár 2024, föstudaginn 13. september, var haldinn 346. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:05. Viðstödd voru Magnea Gná Jóhannsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Líf Magneudóttir og Sara Björg Sigurðardóttir Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Andrea Helgadóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Eiríkur Búi Halldórsson og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 17. september 2024. Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
  - Umræða um skólamál, samræmt námsmat og fleira (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar)
  - Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla
  - Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að tryggja næringargildi gjaldfrjálsra skólamáltíða
  - Umræða um starfsaðstæður leik- og grunnskólakennara (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
  - Umræða um stefnumótun í málefnum innflytjenda og úttekt OECD (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)
  - Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins, sbr. 1. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 3. september – seinni umræða
  - Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um deilibíla MSS24010053
  - Kosning í skóla- og frístundaráð
  - Kosning í velferðarráð
  - Kosning í fjölmeningarráð
  - Kosning í íbúaráð Breiðholts
  - Kosning í íbúaráð Grafarvogs
  - Kosning í íbúaráð Miðborgar og Hlíða
  - Kosning í Innkaupa- og framkvæmdaráð
  - Kosning í öldungaráð
- Lagt fram að nýju erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. ágúst 2024, varðandi fánareglur við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar sbr. 4. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 30. ágúst sl.  
Samþykkt. MSS24080092

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista minnir á að enn á eftir að afgreiða tillögu Sósíalista um fána Palestínu við Ráðhúsið til þess að sýna samstöðu með íbúum í Palestínu. Tillagan var lögð fram 16. nóvember 2023 og hefur ekki hlotið afgreiðslu þrátt fyrir ítrekun. Tillagan hefur ekki verið send til umsagnar og því er ekki beðið eftir gögnum eða upplýsingum hvað varðar þessa tillögu. Hér eru lagðar fram reglur um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar þar kemur fram að viðburðarstjórn geti heimilað nýtingu fánastanganna við Ráðhúsið til að sýna samstöðu með málefnum tengdum mannréttindabaráttu og jafnrétti.

- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags 11. september 2024, varðandi beiðni Helga Áss Grétarssonar um tímabundna lausn frá störfum sínum í borgarstjórn til 19. nóvember nk. ásamt fylgigögnum.  
Vísad til borgarstjórnar. MSS24090041
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. september 2024 varðandi kosningu í öldungaráð og bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 11. september 2024, varðandi tilnefningar hagsmunaaðila í öldungaráð ásamt fylgigögnum.  
Vísad til borgarstjórnar

Forsætisnefnd staðfestir jafnframt skipan eftirfarandi tilnefningu fulltrúa í öldungaráði:  
Félag eldri borgara: Sigurður Ágúst Sigurðsson, aðalmaður og Bessí Jóhannsdóttir, varamaður. Samtök eldri borgara: Jóhann Birgisson, aðalmaður og Svava Þorsteinsdóttir, varamaður. U3A Reykjavík: Viðar Eggertsson, aðalmaður og Birna Sigurjónsdóttir, varamaður. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins: Eva Kristín Sveinsdóttir, aðalmaður og Ingibjörg Ósk Guðmundsdóttir, varamaður. MSS22060068

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista telur eðlilegt að fulltrúar félaga eldri borgara eigi sæti í öldungaráði. Mikilvægt er að útfæra vel skipun í ráðið og fjölga sætum í ráðinu eftir því sem þörf þykir.

- Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar yfir tímasetningar og mönnun kjörinna fulltrúa í skólaheimsóknir í Ráðhús Reykjavíkur árið 2024 og 2025. MSS24040172

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins mun að sjálfsögðu spila með í þessari tillögu meirihlutans og hlakkar til að hitta krakka í Ráðhúsinu samkvæmt því plani sem lagt er hér fram. Hins vegar útilokar ekki eitt annað og minnt er á tillögu Flokks fólksins um að hafa opið hús í Ráðhúsið fyrir börn og aðra áhugasama. Sú tillaga sem hér um ræðir af hálfu meirihlutans hefur takmarkanir. Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem einungis 9. bekk er boðið að koma í Ráðhúsið og þiggja þar fræðslu um borgarstjórn. Útfærsla Flokks fólksins sem var lögð fram í borgarstjórn 12. desember 2023 var að marka árlegan heimsóknardag fyrir börn að heimsækja Ráðhúsið og hafa eins konar opið hús. Þessi tillaga er einföld í útfærslu og útilokar engan. Hugsunin er sú að borgarfulltrúar og starfsfólk muni taka á móti börnum, sýna þeim húsið og segja frá starfinu í Ráðhúsinu. Foreldrar og kennarar eru vissulega velkomnir líka. Þessi tillaga mun ekki leiða af sér háan kostnað. Markmiðið er að dýpka þekkingu barna á hlutverki borgarstjórnar og gefa þeim tækifæri til að ganga um húsið, skoða rýmin og máta sig í sæti í sal borgarstjórnar. Flækjustig tillögu meirihlutans er meira en í tillögu Flokks fólksins.

- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 5. september 2024, varðandi samþykkt borgarráðs á að fela forsætisnefnd að endurskoða gildandi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.  
Samþykkt að óska eftir umsögnum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og fagsviða Reykjavíkurborgar um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt. Jafnframt er samþykkt að veita öðrum hagsmunaaðilum færi á að koma með ábendingar í opnu ferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar. MSS24090007

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Afar brýnt er að breyta lögreglusamþykkt Reykjavíkur og þá helst gr. 12. Fleira mætti skoða að uppfæra. Grein 12 hljóðar þannig í gildandi lögreglusamþykkt “Meðferð skotvopna í þéttbýli og á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra.” Breyta skal henni þannig að mati fulltrúa Flokks fólksins: “Meðferð skot- eggvopna í þéttbýli og á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum. Hvað varðar viðurlög er vísað í 30 gr. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum. Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð opinberra mála.”

7. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2024, varðandi meðferð skóla- og frístundaráðs á tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja opnunartíma í félagsmiðstöðvum og aukið samráð við ungmenni. MSS24020131

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks styður þessa tillögu en á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 29. ágúst 2023 kom fram í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að sparnaðurinn af styttingu opnunartíma félagsmiðstöðva „væri rýr og næg tækifæri annars staðar í borgarkerfinu til að spara álíka fjárhæð.“

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Á fundi borgarstjórnar með ungmennum 8. apríl 2024 var lögð fram tillaga um að lengja opnunartíma í félagsmiðstöðvum og aukið samráð við ungmenni. Tillagan var felld í skóla- og frístundaráði með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa. Fulltrúi Flokks fólksins hefur haft áhyggjur af skerðingum á starfsemi félagsmiðstöðva og bókað um það nokkrum sinnum áður. Hagræðing meirihlutans hefur komið allt of mikið niður á börnum og öðrum viðkvæmum hópum en einnig almennri þjónustu í þágu fjöldans. Ekki hefur verið haft samráð við ungmennin þegar ákvörðun er tekin um að stytta opnunartíma eða hætta að hafa opið einstaka kvöld. Ekkert samráð var heldur haft við ungmennin þegar meirihlutinn ákveður að skella félagsmiðstöð í lás. Félagsmiðstöðvar eru gríðarlega mikilvægar fyrir þennan aldurshóp. Þetta er sá staður sem þau geta hist og átt samverustund með öruggum hætti í stað þess að mæla göturnar. Flokkur fólksins vill að meirihlutinn láti þjónustu við börn, ungmenni og aðra viðkvæma hópa í friði þegar hugmyndir um sparnað koma upp enda er þjónusta við börn rýr og víða brotakennd.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista telur það þyngra en tárur taki að ráðið hafni þremur tillögum ungmennaráðs sem allar vísuðu til brýnnar þarfar sem þarf að mæta en stranda á fjármagni þegar það er sannarlega þörf til staðar og vilji til að mæta þeirri þörf. Það hefði virkilega stuðlað að valdeflingu og reisn bæði kjörinna fulltrúa og ungmennaráðs að taka betur utan um þessi mál og setja þau í forgang.

- Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2024, varðandi meðferð skóla- og frístundaráðs á tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. MSS24020143

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða leggja til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa. Tillögunni er vísað frá af meirihlutanum og er það miður. Ábyrgðinni er vísað á ríkið og önnur sveitarfélög sem er einnig fráleitt. Hér er aðeins verið að tala um að efla starfsemina. Hinsegin félagsmiðstöðin hefur gengið sérlega vel og verið mjög vinsæl. Festa þarf hana í sessi til lengri tíma. Öll óvissa um framhaldið og framtíð félagsmiðstöðvarinnar er óþolandi. Samverustaður fyrir öll ungmenni er gríðarlega mikilvægur. Ungmennin þurfa að geta komið saman á öruggum stað til þess að kynnast og tengjast. Fulltrúi Flokks fólksins vill að börn og ungmenni verði sett í meiri forgang þegar kemur að þjónustu við þau en gert hefur verið á þessu og síðasta kjörtímabili. Eins og segir í greinargerð með tillögunni er "mikilvægt að þekkja einhvern eins og mann sjálfan til að finna ekki fyrir einmanaleika eins og mörg upplifa og þangað koma margir krakkar í hverri viku."

- Lagt fram bréf skóla- og frístundaráðs, dags. 10. september 2024, varðandi afgreiðslu skóla- og frístundaráðs á tillögu ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju. MSS24020130

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að komið verði til móts við börn sem sækja félagsmiðstöðina Öskju með tveimur kvöldopnunum þannig að þau sitji við sama borð og önnur börn í borginni. Gætt verði að því að hagræðingarkröfur bitni ekki á þessum hópi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ungmennaráð Laugardals, Bústaða og Háaleitis lagði til breytingu á á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024. Tillagan er felld af meirihlutanum og er fulltrúi Flokks fólksins ósáttur við það. Hér er um að ræða félagsmiðstöð fyrir nemendur á unglingastigi í Klettaskóla og hún er með kvöldopnun einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 19:00 til 21:00. Meðaltalsmæting ungmenna á kvöldopnanir á síðasta ári var um 50% sem sýnir mikinn áhuga. Í dag sé fjármagn fyrir kvöldopnanir í Öskju dregið frá úthlutaðri yfirvinnu starfsfólks og því í raun ekki úthlutað sérstöku fjármagni fyrir kvöldopnanir. Þetta þarf að endurskoða þannig að félagsmiðstöðin Askja geti haft kvöldopnanir tvisvar í viku kl. 19:00 til 21:00 og að fjármagn sem úthlutað er nú þegar verði hækkað í ljósi mætingarhlutfalls og áhuga. Þessi hópur barna á það til að einangrast heima. Þetta er e.t.v. eini staður sumra til að koma og hitta aðra, kynnast og mynda tengsl. Mikilvægt er að komið verði til móts við börn sem sækja félagsmiðstöðina Öskju þannig að þau sitji við sama borð og önnur börn í borginni. Hagræðingarkröfur eiga ekki að bitna á börnum.

- Lagt fram bréf skóla- og frístundaráðs, dags. 10. september 2024, varðandi afgreiðslu skóla- og frístundaráðs á tillögu áheyrnarfulltrúa ungmennaráðs Breiðholts um aukna áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum. MSS24020128

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar þessari tillögu frá fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, að lögð verði meiri áhersla á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum frá og með hausti 2024. Meirihlutinn leggur til að tillögunni verði breytt með því að bæta einni setningu við hana sem er “og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni.” Fulltrúi Flokks fólksins sér í raun ekki að ástæða hafi verið til að breyta þessari tillögu neitt frekar. Hún var skiljanleg eins og hún var og sjálfsagt að leggja hana í hendur skóla og kennara til frekari útfærslu. Tekið er undir með áheyrnarfulltrúa kennara sem bókar að faglegt sjálfstæði kennara er mikilvægt en það er öllum til hagsbóta að eiga uppbyggilegt samtál um fjölbreytta kennsluhætti og leiðir til úrbóta sem hvetja til aukins áhuga nemenda.

**Fundi slitið kl. 10:55**

Magnea Gná Jóhannsdóttir

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir

Líf Magneudóttir  
Sara Björg Sigurðardóttir